

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð langveikra barna og barna með fátíða fötlun, til minningar um systkinin Valborgu, Jón, Guðmundu og Gunnar Jóhannsbörn frá Kirkjubóli, Múlasveit, A-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Styrktarsjóður langveikra barna og barna með fátíða fötlun, til minningar um systkinin Valborgu, Jón, Guðmundu og Gunnar Jóhannsbörn frá Kirkjubóli í Múlasveit, A-Barðastrandarsýslu.

Stofnandi er dánarbúi Valborgar Jóhannsdóttur, kt. 111019-3559, Sólvangsvégi 3, Hafnarfirði. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Hafnarfirði.

2. gr.

Meginmarkmið sjóðsins eru eftirfarandi:

Að veita styrk til símenntunar á sviði fátíðra fatlana og langveikra barna með það að leiðarljósi að efla faglega þjónustu við fötlud eða langveik börn og fjölskyldur þeirra.

Að veita styrk til kaupa á búnaði sem nýtist til þjálfunar eða bættrar tómsundaaðstöðu fatladra og langveikra barna.

Að styrkja foreldra eða aðstandendur til að nálgast þjónustu eða fræðslu vegna fátíðra fatlana eða langveikra barna.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins kemur úr dánarbúi Valborgar Jóhannsdóttur og er kr. 952.000. Að auki mun fjárhæð sem samsvarar nettó andvirði þeirra eigna sem Valborg lét eftir sig samkvæmt 1. gr. erfðaskrár hennar, dagsettrar 22. febrúar 2000, renna til sjóðsins. Sú fjárhæð sem þannig rennur í sjóðinn að viðbættu stofnfé skal haldast óskert í honum.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu eigna sjóðsins en henni er þó heimilt að semja við viðurkennda fjármálastofnun, um að annast fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir, sem kunna að vera í eigu sjóðsins, nema að fengnu samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki, að undangenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast. Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög leggja fram. Berist gjafafé til sjóðsins skal það fé leggjast við stofnfé og haldast óskert. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka nafnaskrá í vörslu stjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn til þriggja ára í senn. Einn fulltrúi skal valinn úr hópi ættingja, en auk hans skipa stjórnina framkvæmdastjóri Þroskahjálpar ásamt fulltrúa Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum. Láti fulltrúi ættingja af stjórnarsetu, skipar hann annan fulltrúa úr hópi ættingja í sinn stað.

Skal fulltrúi ættingja vera formaður stjórnar.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn. Stjórn sjóðsins skal tilkynna sýslumanninum á Sauðárkróki um það hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna. Fundargerðir sjóðstjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstaka gerðabók sem varðveita skal í samræmi við reglur um varðveislu opinberra skjala. Verði stjórnarmaður vanhæfur samkvæmt reglum stjórnsýsluréttar í tilteknu máli, skal hann víkja sæti úr stjórn á meðan það tiltekna mál er til meðferðar.

6. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrk í dagblöðum eða með öðrum sambærilegum hætti. Til kynna skal um úthlutun styrkja með sama hætti. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um auglýsingar og styrkveitingar í starfsreglur sínar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningsárið hefst við undirritun skipulagsskrár þessarar og lýkur 31. desember 2011. Sjóðstjórn skal semja reikninga fyrir 1. júní ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin kveður til.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur með einróma samþykki sínu breytt ákvæðum skipulagsskrár þessarar, öðrum en þeim ákvæðum er fram koma í 1. og 2. gr. Breytingar skulu hljóta staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki. Með sömu skilmálum er heimilt að leggja sjóð þennan niður og skal þá eignum hans ráðstafað á þann hátt sem að mati stjórnar þjónar best tilgangi hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi er í samræmi við skipulagsskrá þá sem fylgdi erfðaskrá Valborgar Jóhannsdóttur heitinnar, stofnanda sjóðsins og dagsett var þann 22. febrúar 2000, að undanskildum þeim breytingum sem gera þurfti vegna breyttra laga og þjóðfélagshátta.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 8. júní 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.